



Reykjavíkurborg

Málsnr.: <i>USK 23060009</i>
Skjalasafn Ráðhúss
26. okt. 2023
Bréfalykill: <i>09.04.03.</i>

Reykjavík, 23. október 2023
USK23060009

Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa,
Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2023 varðandi eftirfarandi mál:

Skólavörðuholt - breyting á deiliskipulagi - Barónsstígur 34 - Vörðuskóli - Ævintýraborgir

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 34 við Barsónsstíg. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðar ásamt stækkun á byggingarreit, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpssuppr. Nordic, dags. 22. júní 2023. Tillagan var auglýst frá 26. júlí 2023 til og með 7. september 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur, dags. 6. september 2023 og Íbúaráð Miðborgar og Hlíða, dags. 7. september 2023. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. september 2023 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 21. september 2023.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 21. september 2023, og með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

F.h. skipulagsfulltrúa / umhverfis- og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2023.

Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík 21. sep 2023 / MMJ

UMSÖGN

Varðar:

Breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 34 við Barsónsstíg-
Athugasemdir og svör


Tillagan var auglýst frá 26. júlí 2023 til og með 7. september 2023.
Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

Helga Rún Guðmundsdóttir f.h Veitna ohf, dagsett 6. september 2023,
Pétur Marteinn Tómasson f.h. Íbúðaráð Miðborgar og Hlíðar, dagsett 7. september 2023.

SAMANTEKT:

Almennt ganga athugasemdir/umsagnir hagaðila út á:

- Veitur vilja koma á framfæri að það er einfalt fráveitukerfi á svæðinu og ekkert kerfi sem tekur við regnvatninu á þessu svæði
- Íbúðaráð Miðborgar og Hlíðar bendir á miða við teikningar og uppdrátt þá er verið að takmarkar nýtingarmöguleika lóð Vörðuskóla



Efnislegar athugasemdir sem bárust eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Umsögn Veitna (orðrétt) vegna tillögu að deiliskipulagi Skólavörðuholt – Barónstígur 34 – Ævintýraborgir (orðréttar) frá Helga Rún Guðmundsdóttir f.h Veitna ohf, dagsett 6. september 2023:

1.1. „Veitur hafa rýnt tillögu að deiliskipulagi fyrir Barónstíg 34. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðar ásamt stækkun á byggingarreit. Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að hafa möguleika á að bæta viðbótareiningu við þann leikskóla sem áætlaður er innan núverandi byggingarreits, auk þess að stækka útileiksvæði leikskólans.

Veitur gera ekki athugasemdir við tillöguna en vilja koma á framfæri að einfalt kerfi fráveitu er á svæðinu og því ekkert regnvatnskerfi sem tekur við ofan vatni. Veitur benda því á að gagnlegt væri að nýta blágrænar ofan vatnslausnir þar sem þeim er viðkomið Veitur óska eftir góðu samráði við á öllum stigum skipulags, hönnunar og framkvæmda”

Svar: Þakkað er fyrir umsögnina og Reykjavíkurborg mun vera í samráði við Veitur á öllum stigum skipulags, hönnunar og framkvæmda og reynt verður að vinna í útfærslu á blágrænum lausnum eins og hægt er á þessu svæði.

2. Umsögn íbúðaráðs Miðborgar og Hlíðar (orðrétt) vegna tillögu að deiliskipulagi Skólavörðuholt – Barónstígur 34 – Ævintýraborgir frá Pétur Marteinn Tómasson f.h. íbúðaráð Miðborgar dagsett 7. september 2023

2.1. „Á fundi Íbúðaráðs Miðborgar og Hlíða 24. ágúst sl. var undirrituðum falið að koma athugasemdum ráðsins við deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Skólavörðuhollt - Barónsstígur 34 - Ævintýraborgir á framfæri. Athugasemd ráðsins er eftirfarandi:

„Miðað við fyrirliggjandi teikningar er ekki mikið pláss eftir fyrir skólalóð við Vörðuskóla. Ekki virðist hafa verið tekin ákvörðun um safnskóla í Vörðuskóla en ef af slíkum skóla verður mun einnig þurfa að gera ráð fyrir skólalóð fyrir þann skóla. Það er áhyggjuefni ef breytt deiliskipulag takmarkar nýtingarmöguleika Vörðuskóla.“

Svar: Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir nýjan leikskóla er einnig verið að stækka lóðina svo hún nýtist sem best bæði fyrir fyrirhugaðan leikskóla og einnig fyrir Vörðuskóla, í dag er lóðin nýtt aðallega undir bílastæði. Það er engin starfsemi í Vörðuskóla í dag og ekki liggur fyrir hvaða starfsemi verur þar í framtíðinni.

Hugað verður vel að því að nýta lóðina vel og passað verður vel upp á að hanna og útfæra sem best leikskólalóðina við leikskólann og það ætti ekki að skerða nýtingarmöguleika Vörðuskóla í framtíðinni.

Vill einnig benda á að í 5. gr. reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla er talið upp hvað telst til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í leikskólum þar stendur í g. lið „afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu með tilliti til mismunandi aldurshópa og þarfa, þ.m.t. þarfa fatlaðra barna“.

Niðurstaða: Lagt er til að deiliskipulagsbreytingartillagan verði samþykkt óbreytt.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir

verkefnastjóri / landslagsarkitekt